




FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD
felagsradgjof.hi.is



# Diplómanám í öldrunarþjónustu

Diplómanám í öldrunarþjónustu (30 ECTS) er sjálfstætt þverfræðilegt nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið er hægt að fá metið inn í MA-nám í öldrunarfræðum að uppfylltum inntökuskilyrðum.

Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði öldrunarþjónustu. Nemendur fá fræðilega og hagnýta þekkingu um málefni aldraðra og þá þætti sem hafa áhrif á stefnumörkun og stjórnun málaflokksins.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólanámi á heilbrigðis- eða félagssviði (BA, BS eða BEd). Einnig er litið á starfsreynslu þegar umsóknir eru metnar.

Námsleiðin er ætluð þeim sem starfa með öldruðum, s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum, læknum, prestum og sjúkraþjálfurum.

**Skipulag námsins:**

- Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta (10e)
- Áhrifaþættir öldrunar: Umhverfi, félagstengsl og heilsufar (10e)
- Valnámskeið valið í samráði við umsjónarmann námsleiðar (10e)

Námið er skipulagt hluta nám í eitt námsár.

Nánari upplýsingar er að finna í kennsluskrá Háskóla Íslands og á heimasíðu Félagsráðgjafardeildar **hi.is/felagsradgjafardeild**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD